

Snæfellsbær
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 25. nóvember 2021
UST202110-142/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Gamli Kaupstaður - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gamla kaupsstaðinn í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að markmið tillögunnar er að skipta svæðinu, sem er 15,5 ha., í fjóra hluta og byggja þrjú frístundahús til viðbótar við það sem þarna er fyrir. Heimilt er að byggja frístundahús auk gestahúss, samtals að hámarki 140 m² á hverri lóð.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á skipulagssvæðið liggur um leirusvæði sem nefnist Búðarós. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt nýlegum loftmyndum eru vegstútar niður í ósinn og hjólför. Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

Í 61. gr. laganna² er kveðið á um sérstaka vernd leira sem fjallað er um í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi.³

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um leirurnar í tillögunni og að þær falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á leirunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

³ <https://www.ni.is/greinar/leirur>

Búðahraun

Umhverfisstofnun bendir á að Búðahraun var friðlýst árið 1977.⁴ Svæðið einkennist af úfnu hrauni og fjölbreyttum gróðri. Má þar finna 11 af 16 þekktum burknategundum á landinu. Um hraunið liggur forn gata. Gulir fjörusandar, eins og nágrenni Búðahrauns, eru fátíðir í íslenskri náttúru.⁵

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að landslagið, umhverfið, ásýnd svæðisins og útsýni frá svæðinu hefur mikilvægt gildi. Þær byggingar sem eru núna á svæðinu, hótelið og kirkjan, falla vel að landslagi og því mikilvægt að öll frekari uppbygging falli vel að því landslagi sem fyrir er.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að friðlýsingarmörk svæðisins séu merkt inn á uppdrátt, en óljóst er á uppdrætti hvort deiliskipulagið nái inn á hið friðlýsta svæði.

Auk þess vill stofnunin benda á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Frístundalóðir

Með tilliti til landslags og ásýndar telur Umhverfisstofnun að sett skuli skilyrði og lögð áhersla á íslenskar og lágvaxta trjátegundir þegar kemur að gróðursetningu á frístundalóðum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré.

Vegir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vegir séu teiknaðir inn á uppdrátt og að vegir liggja ekki um ósinn eða stendur. Einnig er mikilvægt að sett séu skýr skilyrði um akstur um svæðið.

Girðingar

Þar sem tillagan liggur að sjávarbakka telur stofnunin mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: *„Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“*

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að koma fram í tillögunni að öll fráveita skuli vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

⁴ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/budahraun_357_1979.pdf

⁵ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/budahraun/>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er -hreinsivirkil- sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar⁶ Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

⁶ https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf